

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Mánudaginn 30. maí 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

**Dagskrá:****1. Ársreikningur**

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana Höfðahrepps fyrir árið 2004. Heildartekjur samstæðunnar námu 300.256 þúsund, þar af voru skatttekjur 185.060 þúsund. Heildargjöld samstæðunnar voru 306.289 þúsund. Niðurstaða samstæðunnar fyrir afskriftir og fjármagnsliði var því neikvæð um 6.033 þús. Fjármagnsliðir námu 430.392 þús. og að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var rekstrarniðurstaða samstæðunnar jákvæð sem nemur 404.392 þús. Handbært fé frá rekstri nam 53.417 þúsundum og var handbært fé í árslok 620.339 þúsund. Heildarskuldir samstæðunnar voru 443.499 þúsund og þar af voru lífeyrisskuldbindingar 57.632 þúsund og skuldir félagsíbúða 270.201 þúsund.

Fyrir fundinum lá endurskoðunarbréf Ólafs Kristinssonar. Í bréfinu tekur Ólafur saman helstu atriði ársreikningsins og fjallar um niðurstöður hans bæði í heild og niðurstöður einstakra deilda og stofnana.

Ársreikningurinn og endurskoðunarbréfið voru rædd en síðan var reikningurinn borinn upp, samþykktur og áritaður af hreppsnefnd.

**2. Bréf:**

a) Lárusar Ægis Guðmundssonar, dags. 17. maí 2005.

Í bréfinu bendir Lárus á ýmis framfaramál sem hann telur að hreppsnefnd þurfi að íhuga til að fegra bæinn og bæta samfélagið.

Talsverðar umræður urðu um efni bréfsins og þær ábendingar sem þar koma fram.

b) Eignarhaldsfélags Brunabótafélagsins, dags. 6. maí 2005.

Í bréfinu er greint frá ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaga EBÍ og kemur fram að ágóðahluti þessa árs verði 50% hærri en árið á undan. Ágóðahlutur Höfðahrepps nemur 3.285.000 kr.

Bréfið var til kynningar.

c) Eignarhaldsfélags Brunabótafélagsins, dags. 23. maí 2005.

Í bréfinu er fjallað um styrktarsjóð EBÍ og minnt á að sveitarfélög geta sótt um styrk í ákveðin verkefni skv. reglum fyrir styrktarsjóðinn.

Bréfið var til kynningar.

d) Hallbjarnar Hjartarsonar, dags. 10. maí 2005.

Í bréfi sínu lýsir Hallbjörn rekstri Kántrýbæjar og kántrýútvarps og óskar eftir stuðningi við kántrý-ímyndina með því að halda sérstaka Kántrýdaga.

Umræður urðu um efni bréfsins. Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við Hallbjörn um efni bréfsins.

e) Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 11. maí 2005.

Í bréfinu er kynnt úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2005.

Bréfið var til kynningar.

f) Skólastjóra Höfðaskóla, dags. 7. maí 2005.

Með bréfinu er kynnt dagskrá sem skólinn setti upp fyrir 34 manna hóp frá skóla í Hönefoss sem heimsótti Höfðaskóla dagana 24. -26. maí sl. Í bréfinu gerir skólastjóri grein fyrir kostnaði við heimsóknina og óskar eftir stuðningi við málið. Samþykkt að hækka fjárhagsáætlun skólans vegna þessa kostnaðar um 150 þús.

### 3. Fundargerðir:

a) Byggingarnefndar, 24. maí 2005.

Fundargerði var samþykkt.

b) Skólanefndar 10. maí 2005.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Skólanefndar 30. maí 2005.

Fundargerðin var samþykkt með fyrirvara um 3. lið fundargerðar þar sem kennslutímafjöldi er afgreiddur. Hreppsnefnd ákvað að óska nánari kynningar á forsendum kennslutímafjöldans.

d) Héraðsráðs, 10. ágúst 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

e) Héraðsráðs, 23. september 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

f) Héraðsráðs, 6. desember 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Héraðsráðs, 8. febrúar 2005.

Fundargerðin var til kynningar.

h) Héraðsráðs, 22. mars 2005.

Fundargerðin var til kynningar.

- i) Héraðsráðs, 2. maí 2005.  
Fundargerðin var til kynningar.
- j) Héraðsnefndar, 2. maí 2005.  
Fundargerðin var til kynningar.

## 4. Önnur mál.

- a) Stuðningur við kaup á reiðhjólaljálum fyrir grunnskólabörn.  
Fyrir fundinum lá erindi Gísla Ólafssonar, læknis sem óskar eftir stuðningi til að kaupa hjálma á grunnskólabörn á Skagaströnd.  
Hreppsnefnd samþykkti að veita 50 þús. króna í verkefnið.
- b) Erindi knattspyrnudeildar Hvatar, dags. 24. maí 2005.  
Fyrir fundinum lá tölvubréf knattspyrnudeildarinnar sem óskar eftir stuðningi til að halda smábæjaleika í knattspyrnu með þáttöku í hreinsunarkostnaði og lán á búnaði fyrir tjaldbúðir.  
Samþykkt að verða við erindinu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10<sup>20</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gígja Óskarsdóttir  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir